

**56. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn í Ráðhúsi Vesturbyggðar 22. október 2019 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Íða Marsibil Jónsdóttir (IMJ), Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Jónsson (MJ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) og Rebekka Hilmarsdóttir (RH).

Fundargerð ritaði: Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

Dagskrá:

1. Listasafn Vestur-Barðastrandarsýslu - 1909044

Lögð fram samantekt yfir málverk í eigu héraðsnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu. Nanna Sjöfn Pétursdóttir kom inn á fundinn og fór yfir vinnu við skráningu verkana 2009.

Samráðsnefnd leggur til að farið verði yfir samantektina og verkin staðsett. Bæjarstjóra Vesturbyggðar falið að fylgja málinu eftir.

2. Minjasafn Egils Ólafssonar - Fjárhagsáætlun 2019 - 1811134

Lögð fram staða í rekstri Minjasafns Egils Ólafssonar gagnvart fjárhagsáætlun 2019. Safnstjóri safnsins kom inn á fundinn og fór yfir stöðuna.

3. Viðhald á árinu 2019 - 1903282

Safnstjóri Minjasafns Egils Ólafssonar fór yfir stöðu framkvæmda við eignir safnsins á árinu 2019.

4. Minjasafn Egils Ólafssonar - Fjárhagsáætlun 2020 - 1910133

Safnstjóri Minjasafns Egils Ólafssonar lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir safnið árið 2020. Safnstjóri sendir samráðsnefnd kostnaðaráætlun og forgangsröðun framkvæmda fyrir árið 2020.

Samráðsnefnd vísar fjárhagsáætlun fyrir Minjasafn Egils Ólafssonar til fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:00.

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ)

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ)

Magnús Jónsson (MJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)
